

Fimmtudaginn 10. mars 1994 kl. 12:15

27. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 6/1994.

**Kvörtun öryggisþjónustufyrirtækisins Vara vegna fjarvöktunar á
þjófavarnarkerfum hjá Brunavörnum Suðurnesja.**

Efni kvörtunar

Í lok aprílmánaðar s.l. barst kvörtun frá Vara vegna þess að Brunavarnir Suðurnesja hafa tekið að sér að fjarvakta þjófavarnarkerfi. Vari hefur veitt öryggisþjónustu á Suðurnesjum í nokkur ár og meðal annars fjarvaktað innbrotavarnar- og brunaviðvörðunarkerfi.

Forsaga málsins er að á árinu 1991 keyptu Brunavarnir Suðurnesja merkjamóttakara af Vara til að fjarvakta brunaboða og neyðarhnappa sjúklinga. Að sögn Vara tóku Brunavarnir Suðurnesja fram við kaupin á móttakanum að ekki væri ætlunin að fjarvakta þjófavarnarkerfi. Frá því að þessi samningur var gerður hafa viðskiptavinir Vara ítrekað greint frá því að Brunavarnir Suðurnesja hafi boðið þeim fjarvöktun á öryggiskerfum á lægra verði en Vari hefur boðið. Nokkrir viðskiptavinir Vara á Suðurnesjum hafa í kjölfar þess hætt viðskiptum við fyrirtækið.

Forsvarsmenn Vara telja það óeðlilegt að þeir starfsmenn sem vinna hjá Brunavörnum Suðurnesja og þiggja laun frá sveitarfélaginu sem slökkviliðsmenn starfi við fjarvöktun öryggiskerfa á Suðurnesjum og vinni því við samkeppnisrekstur í vinnutíma sínum sem opinberir starfsmenn. Þeir telja það óeðlilegt að opinberir aðilar séu í samkeppni við einkafyrirtæki með þessum hætti.

Vari telur að með þessu sé brotið gegn 14. gr. samkeppnislaganna. Þar segir meðal annars: "Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Könnun á kvörtunatriðum

Samkeppnisstofnun skrifaði Brunavörnum Suðurnesja bréf, dags. 6. júlí, þar sem stofnunin fór fram á umsögn og athugasemdir vegna kvörtunar Vara. Í svarbréfi Brunavarna Suðurnesja, dags. 3. ágúst, komu eftirfarandi atriði fram:

1. Brunavarnir Suðurnesja segja að það sé rangt að stofnunin hafi ekki ætlað að fjarvakta þjófavarnarkerfi.
2. Tekjur af þjónustu merkjamóttakara eru aðskildar í bókhaldi Brunavarna Suðurnesja. Þegar stofnunin keypti merkjamóttakarann af Vara voru ráðnir fleiri starfsmenn til að sinna þessari þjónustu án þess að aukin fjárveiting kæmi til frá þeim sveitarfélögum sem standa að Brunavörnum Suðurnesja.
3. Loks telja forsvarsmenn Brunavarna Suðurnesja að stofnunin hafi eflt virka samkeppni með því að valkostir eru nú orðnir fleiri.

Forsvarsmenn Vara fengu afrit af svari Brunavarna Suðurnesja. Gerðu þeir ýmsar athugasemdir við svar Brunavarnanna og bentu á að stofnunin væri ekki sjálfstæður skattaaðili. Einnig væru tekjur ekki það miklar af merkjamóttakara að sveitarfélögin hefðu ávinning af og gætu bætt við starfsmönnum.

Í máli Brunavarna Suðurnesja hefur komið fram að stofnunin leggur ekki áherslu á að selja þjófavarnarkerfi. Þeir aðilar sem keypt hafa brunavarnarkerfi hafa óskað eftir því að Brunavarnir Suðurnesja veiti þessa þjónustu vegna þess hve dýrt það er að vera með tvo merkjamóttakara (stofngjald er hærra og einnig er ódýrara að hafa tvö boð hjá einum en eitt boð hjá tveimur aðilum). 34 aðilar hafa keypt brunavarnarkerfi af Brunavörnum Suðurnesja og þar af 10 aðilar sem einnig eru með þjófavarnarkerfi en 4 aðilar hafa eingöngu keypt þjófavarnarkerfi. Brunavarnir Suðurnesja leggja áherslu á að Vari hringir til Brunavarna Suðurnesja

þegar þjófavarnar- eða brunavarnarkerfi, sem Vari þjónustar, gefa frá sér merki og óskar eftir að Brunavarnir Suðurnesja athugi hvort eitthvað sé að.

Samkeppnisstofnun óskaði með bréfi, dags. 30. ágúst eftir frekari upplýsingum frá Brunavörnum Suðurnesja. Svarbréf barst þann 27. september og þar komu eftirfarandi atriði fram:

1. Brunavarnir Suðurnesja eru ekki sjálfstæður skattaðili í skilningi laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Brunavarnir Suðurnesja eru hins vegar skattskyldar samkvæmt öðrum lögum, greiða t.d. tryggingagjald af launum og ber að innheimta virðisaukaskatt af starfsemi sem er í samkeppni við atvinnurekstur.
2. Ekki er fært sjálfstætt fjárhagsbókhald vegna fjarvaktarþjónustu Brunavarna Suðurnesja. Tekjuskráning er aðskilin í bókhaldi eftir tegund starfsemi en kostnaður er sameiginlegur með kostnaði vegna annarrar starfsemi.

Brunavarnir Suðurnesja vildu koma eftirfarandi á framfæri um bókhaldsvenjur félagsins:

Brunavarnir Suðurnesja eru í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum annast bókhald og fjárreiður þessa fyrirtækis. Í því felst m.a. að vinna við að innheimta tekjur af starfsemi þess, greiða rekstrarkostnað og færa bókhald. Bókhaldinu er hagað þannig að færður er einn sundurliðaður rekstrarreikningur fyrir fyrirtækið þar sem tekjur og kostnaður eru í aðalatriðum tegundagreind. Ekki hefur verið gerð tilraun til þess að reikna eða bókfæra sérstaklega afkomu af hverri tegund starfsemi, eins og t.d. sjúkraflutningum, brunavörnum eða annarri þjónustu. Sú rekstrarlega niðurstaða sem verður á starfsemi fyrirtækisins í heild er síðan færð til eignar eða skuldar í bókum sambandsins, eftir því á hvorn veginn hún er og innheimt hjá sveitarfélögunum eða eftir atvikum endurgreidd.

3. [...]¹

Starfsmenn sem vinna við fjarvaktarþjónustu fyrir Brunavarnir Suðurnesja vinna jafnframt við önnur störf hjá stofnuninni. Tekjur af fjarvaktarþjónustu gefa ekki tilefni

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

til að ætla að þær standi undir kostnaði við þjónustuna og hún sé því að hluta niðurgreidd af þeim sveitarfélögum sem standa að Brunavörnum Suðurnesja.

Ákvörðunarorð:

Brunavarnir Suðurnesja eru í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum annast bókhald og fjárreiður stofnunarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá Brunavörnum Suðurnesja hefur ekki verið gerð tilraun til þess að reikna eða bókfæra sérstaklega afkomu af hverri tegund starfsemi, eins og t.d. sjúkraflutningum, brunavörnum eða annarri þjónustu. Rekstrarlegur mismunur sem verður á starfsemi Brunavarna Suðurnesja er færður til eignar eða skuldar í bókhaldi Sambands sveitafélaga á Suðurnesjum og er hann eftir atvikum innheimtur hjá sveitarfélögum í Sambandinu eða endurgreiddur.

Samkvæmt framansögðu liggur ekki ljóst fyrir hver afkoma Brunavarna Suðurnesja er af þeirri fjarvöktun þjófavarnakerfa sem þær reka í samkeppni við aðra aðila.

Til að taka af allan vafa um að fjarvöktun Brunavarna Suðurnesja á þjófavarnakerfum eða önnur þjónusta sem rekin er í frjálsri samkeppni við aðra aðila sé ekki greidd niður með tekjum af annarri verndaðri starfsemi stofnunarinnar, sbr. 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, mælir Samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrarins og þess hluta af rekstri Brunavarna Suðurnesja sem nýtur einkaleyfis eða verndar.